

M A T S G E R Ð

á arðskrá fyrir

Veiðifélag Hafralónsár

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006
um lax- og silungsveiði:
Ásgeir Magnússon, héraðsdómari
Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi
Örlygur Hnefill Jónsson, héraðsdómslögmaður

1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 11. mars 2007, fór stjórn Veiðifélags Hafralónsár fram á það við matsnefnd, með vísan til einróma samþykktar þar um á aðalfundi félagsins, að arðskrá veiðifélagsins frá ósi í sjó til ólaxgengra fossa yrði tekin til mats. Þá fór stjórn veiðideildar Kverkár fram á það með bréfi, dags. 29. október 2007, og með vísan til samþykktar á aðalfundi félagsins, að Kverká, frá ósi í Hafralónsá að Kverkárfossi í Kverkárgljúfri, yrði einnig tekin með í því mati. Í framhaldi staðfestu stjórnir Veiðifélags Hafralónsár og veiðideildar Kverkár að samið hefði verið um skiptingu matskostnaðar þannig að Hafralónsá bæri 95% kostnaðar og Kverká 5%.

Í samræmi við framanritað og með tilliti til laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 tók matsnefnd þetta erindi til meðferðar.

Matsnefnd sendi bréf til veiðifélags Hafralónsár, dags. 10. maí 2007, þar sem óskað var eftir helstu gögnum varðandi vatnasvæðið. Síðar verður vikið að því hvaða gögn bárust.

2. Matsfundur

Að ósk matsnefndar, í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga um lax- og silungsveiði, boðaði stjórn Veiðifélags Hafralónsár veidirettareigendur við Hafralónsá til fundar með nefndinni föstudaginn 28. september 2007. Var fundurinn haldinn í veiðihúsi veiðifélagsins í Laxahvammum. Til fundarins komu fulltrúar eftirgreindra jarða: Syðri-Brekka, Hallgilsstaða, Tungusels, Þorsteinsstaða, Syðra-Lóns og Hvamms.

Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Spurt var hvort gerðar væru athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins. Engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er. Þá var spurt hvort ágreiningur væri um bakkalengd og landamerki. Af því tilefni kynnti formaður félagsins nýjar mælingar, sem Guðmundur H. Gunnarsson hjá Búgarði, ráðgjafarþjónustu á Norðausturlandi, hefur gert á öllum þverám Hafralónsár. Hefur hann unnið þá mælingu eftir loftmyndum og mælt miðlínu ána. Þá lágu fyrir mælingar á aðalánni frá 1975. Á fundinum var samþykkt að bakkar Hafralónsár yrðu mældir að nýju á sama hátt og þveránnar. Nefndarmenn bentu á að landeigendum gæfist síðar kostur á að koma skriflegum athugasemdum sínum á framfæri. Á fundinum var upplýst hvaða gögnum hefði verið skilað til matsnefndarinnar.

3. Vettvangsganga

Nefndarmenn flugu yfir vatnasvæði Hafralónsár, föstudaginn 28. september 2007. Í þeirri ferð fékkst gott yfirlit yfir vatnasvæðið og hvernig áin kemur í nokkrum stórum kvíslum ofan af heiðarlöndum fyrir ofan byggð í Þistilfirði. Að hluta er áin laxgeng langt fram í afrétt og verður vikið nánar að því hér síðar. Kverká rennur í Hafralónsá, nokkuð neðarlega. Grímúlfsá eystri hefur verið friðuð fyrir veiði í mörg ár, en þar eru talin góð uppeldisskilyrði. Athygli var vakin á þeirri sérstöðu og að taka þyrfti tillit til þess í matsgerð.

Að morgni 29. september 2007 var farið um vatnasvæði ána í fylgd Marinós Jóhannessonar, formanns veiðifélagsins. Sigurður Jens Sverrisson, Hvammi 2, stjórnarmaður félagsins, fór og með við skoðun á neðri hluta árinna. Skoðun hófst við sjávarlónið þar sem Hafralónsá rennur til sjávar, í landi Syðri-Brekkna og Gunnarsstaða. Í lóni þessu gætir verulega flóðs og fjöru. Fram hafði komið á matsfundi kvöldið áður, í máli sumra veiðiréttareigenda, að á þessu svæði skipti miklu máli hvernig bakkalengd væri mæld, þar sem á háflóði væri bakkalengdin mun meiri austan ár en á fjöru. Aðrir veiðiréttareigendur töldu rangt að mæla á háflóði því það gæfi ranga mynd þar sem aðalállinn væri í raun vestarlega á þessu svæði og það væri það sem máli skipti. Nokkru ofan við umrætt sjávarlón rennur áin um mikið hólmasvæði, Hallgilsstaðahólma. Nefndarmenn skoðuðu þetta svæði sérstaklega með tilliti til þeirrar umræðu sem varð á fundinum.

Neðsta svæði árinna, þ.e. nokkru neðar en þar sem Kverká rennur í Hafralónsá, er silungasvæði og er þar lítið eða ekkert um merkta veiðistaði. Matsmönnum var bent á að þetta svæði gæfi ekki mikið af sér í heildarverðmæti vatnasvæðisins, þó að veruleg áhersla hefði verið lögð á að markaðssetja það, einkum síðustu tíu árin. Aðrir, þ.e. eigendur að þessu veiðisvæði, bentu á að svæðinu hefði ekki mikið verið sinnt af hálfu veiðifélagsins og lítið gert til að laða veiðimenn að því.

Farið var upp með Hafralónsá að vestan, allt að efstu veiðistöðum í Stórugljúfrum. Fram kom að aðgengi að ánni hefði verið bætt með vegaframkvæmdum hin síðari ár. Vegurinn vestan ár upp með Stórugljúfrum var gerður fyrir og um 1960, en ófært var austan ár þar til ráðist var í framkvæmdir um og eftir árið 1990. Þá var ráðist í að gera akfært allt upp að Dimmugljúfrum. Það er ein stærsta einstaka framkvæmdin, sem veiðifélagið hefur ráðist í. Fyrir þann tíma urðu veiðimenn sem hugðust veiða upp með ánni að fara gangandi eða á hestum. Matsmenn óku upp með ánni að austan, yfir brúna á Tungá, sem er ein af þverám Hafralónsár. Önnur þverá Hafralónsár er Grímúlfsá eystri. Ekið var upp með þeirri á. Hún hefur verið friðuð í mörg ár, en þar eru talin mjög góð uppeldisskilyrði. Grímúlfsá vestri rennur að vestan í Hafralónsá. Matsmenn fóru upp með Hafralónsá að Laxfossi, ólaxgengum fossi í Dimmugljúfrum. Þar nokkru neðar rennur Hávarðsdalsá í Hafralónsá. Hávarðsdalsá er talin laxgeng um 6 km fram fyrir ármótin, en engin veiði mun vera stunduð þar, m.a. vegna þess hversu ógreiðfært er með ánni. Þá gengur lax eingöngu í ána í haustríningum. Annan tíma er áin mjög vatnslítill. Áin nýtist því fyrst og fremst sem uppeldissvæði.

Kverká er laxgeng upp að Kverkárfossi í Kverkárgljúfri. Vettvangsgöngunni lauk með því síðar um daginn að farið var upp með Kverká, að fossinum. Fyrirliggjandi búsvæðamat nær einnig yfir svæðið þar fyrir ofan. Ekki hefur verið farið fram á að það svæði verði tekið inn í mat þetta, enda er það ólaxengt. Verður því ekki horft til búsvæðamatsins á því svæði í matsgerð þessari.

Vatnasvæði Hafralónsár er mjög víðfeðmt og þar eru margar hliðarár eins og að framan er rakið. Matsmenn hafa undir höndum afrit af bréfi frá Kristni Einarssyni, yfirverkefnisstjóra Orkustofnunar, frá 2004. Í bréfinu kemur fram að flatarmál vatnasviðs Hafralónsár við ósa sé nálægt 562 km². Telur Kristinn óhætt að fullyrða á grundvelli fyrirliggjandi gagna að meðalrennsli Hafralónsár við ósa sé vel yfir 25 m³/s og sennilega sé það nærri 30 m³/s.

4. Kallað eftir gögnum

Í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga sendu matsmenn hinn 20. október 2007 bréf til allra eigenda veiðiréttar í Hafralónsá og Kverká þar sem þeim var gefinn kostur á að senda til nefndarinnar skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gæti mat á arði einstakra fasteigna. Bárust nefndinni bréf frá eigendum Tungusels og Syðra-Lóns vegna Grímúlfsár eystri, eigendum Gunnarsstaða og eigendum Syðri-Brekkna.

5. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélag Hafralónsár. Félagið starfar samkvæmt samþykktum nr. 1061/2007, sem staðfestar voru af Landbúnaðarstofnun 1. nóvember 2007 og birtar í B-deild Stjórnartíðinda 19. nóvember sama ár.

Í 3. gr. samþykktanna kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábúendur jarða sem land eigi að Hafralónsá, að Kverká meðtalinni, frá ósi í sjó til upptaka. Þá kemur fram að eigendur jarða sem veiði eigi í Kverká starfi í deild. Þeir kjósi sér stjórn og hafi fullt forræði um framkvæmdir og nýtingu árinna. Kverká hafi sérstaka arðskrá. Að öðru leyti en að ofan greinir gildi samþykktir Hafralónsár fyrir Kverká. Þær jarðir sem land eiga að Hafralónsá og Kverká eru tilgreindar í 6. kafla hér á eftir.

Samkvæmt 4. gr. samþykktanna er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna. Félagið taki til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafi henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Jafnframt beri félaginu að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá sé félaginu heimilt að stunda fiskirækt í samræmi við gildandi fiskræktunaráætlun á hverjum tíma.

Í 11. gr. samþykktanna er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Jafnframt að félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

Samkvæmt bréfi frá formanni félagsins er fyrsta arðskrá þess frá 1938 en gildandi arðskrá frá 1975.

6. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum liggja eftirgreindar fasteignir að einstökum ám vatnasvæðisins:

Hafralónsá:

Syðri-Brekkur I og II

Hallgilsstaðir I og II

Tungusel

Þorsteinsstaðir

Syðra-Lón

Hvammur I, II, III, IV og Víðimörk
Gunnarsstaðir I, II og Brúarland

Kverká:

Hallgilsstaðir I og II
Tungusel

Grimúlfsá eystri:

Þorsteinsstaðir
Syðra-Lón
Tungusel

Tungá:

Tungusel
Þorsteinsstaðir

Hávarðsdalsá:

Hvammur I, II, III, IV og Víðimörk

Grimúlfsá vestri:

Hvammur I, II, III, IV og Víðimörk

7. Rekstur veiðivatna

Með leigusamningi 2. desember 2003 var veiði í Hafralónsá leigð Stapa veiðifélagi ehf., Húsavík, fyrir tímabilið 2004 til 2008. Aðilar að því félagi eru Bjarni Aðalgeirsson, Björn St. Haraldsson og fleiri. Umsamin leiga var 9,5 milljónir króna og skyldi taka breytingum milli ára í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, miðað við nóvember 2003. Árin 1995 til 2003 var enskur maður að nafni R. Robinson og franskur maður að nafni Jacques Montupet með ána á leigu. Árin 1983 til 1994 var Svisslendingur leigutaki árinna.

Með leigusamningi, dags. 12. desember 2006, leigir Veiðifélag Hafralónsár öll veiðiréttindi í ánni auk veiðihúsa til Vesturárdals ehf. í Reykjavík. Fram kemur í leigusamningi að árlegt veiðitímabil er 90 dagar og stendur veiðin frá 21. júní til 20. september ár hvert og er leigutaka heimilt að nota 6 stangir til laxveiða daglega og 2 stangir til silungsveiða. Árleg leigufjárhæð samningsins er 19.500.000 krónur, verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs í janúar 2007. Að auki greiðist 1.000.000 króna, miðað við sömu vísitölu, sem skal ráðstafað til vegagerðar eða annarra lagfæringa er aðilar koma sér saman um að gera. Þá greiddi leigutaki 4.750.000 krónur sem eingreiðslu við undirskrift samningsins.

Samningurinn er tímabundinn, til fimm ára, frá árinu 2009. Lýkur honum án uppsagnar í árslok 2013. Í samningnum er kveðið á um veiðihús, viðhald vega, merkingar veiðistaða og veiðivörð. Þá er fjallað sérstaklega um ræktun og áhuga leigutaka á að efla hrygningarstofn árinna. Einnig er skýrt kveðið á um það í 8. gr. samningsins að eingöngu verði um fluguveiði að ræða.

Með öðrum leigusamningi, dags. 12. desember 2006, leigir Landeigendafélag Kverkár til Vesturárdals ehf. öll veiðiréttindi í Kverká. Samkvæmt samningnum er árlegt

veiðitímabil 90 dagar frá 21. júní til 20. september ár hvert, og er leigutaka heimilt að nota 1 stöng daglega. Árleg leigufjárhæð samningsins er 1.000.000 króna, verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs í janúar 2007. Að auki greiddi leigutaki 250.000 krónur sem eingreiðslu við undirskrift samningsins.

Samningurinn er tímabundinn, til fimm ára, frá árinu 2009. Lýkur honum án uppsagnar í árslok 2013. Í samningnum er kveðið á um viðhald vega, merkingar veiðistaða og veiðivörð. Þá er þar fjallað sérstaklega um ræktun.

Samkvæmt rekstrarreikningum veiðifélagsins fyrir árið 2005 voru tekjur þess 10.323.264 krónur og útgreiddur arður til félagsmanna það ár 8.700.000 krónur. Árið 2006 voru tekjur þess 15.581.835 krónur og útgreiddur arður til félagsmanna það ár 13.750.000 krónur. Árið 2007 voru heildartekjur 11.828.600 krónur. Það ár var útgreiddur arður til félagsmanna 9.000.000 króna. Árið 2008 voru tekjur félagsins 13.554.260 krónur og útgreiddur arður til félagsmanna 9.500.000 krónur. Rétt er að vekja athygli á að inni í tekjum ársins 2006 var eingreiðsla upp á 4.750.000 krónur, sem var innborgað af nýjum leigutökum vegna samningsins frá 2009 til 2013.

8. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar

8.1. Gunnarsstaðir

Eigandi jarðarinnar tekur fram í bréfi sínu, dags. 13. desember 2007, að eðlilegt sé að matsnefnd fái upplýsingar um að veiðifélagið hafi enga fjármuni lagt í vegagerð við silungasvæðið og ekki heldur í húsbyggingu. Hafi silungasvæðið einhverra hluta vegna mætt afgangi við uppbyggingu árinna. Hann bendir á að erfitt sé að fullyrða um verðmæti svæðisins því þar vanti alla uppbyggingu. Veiðitölur á svæðinu síðustu ár séu ekki háar. Hafi þar verið mjög lítið og illa veitt og enginn veiðimaður sést þar síðasta sumar.

8.2. Syðri-Brekkur

Veiðiréttareigendur benda á í bréfi, dags. 5. maí 2008, að samkvæmt bakkalengdarmælingu 1975 hafi bakkalengd í landi Syðri-Brekkna verið 3.080 m, en 2.850 m samkvæmt mælingu sem gerð hafi verið 2007. Telja þeir að þessi mismunur á bakkalengd ráðist af sandeyrum í ánni, og við ósinn, sem alltaf sé hreyfing á. Segja þeir mælinguna frá 1975 vera réttari. Þá benda þeir á að friðað svæði frá ós Hafralónsár meðfram Syðri-Brekknasandi sé nú 2 km, en heildarlengd umrædds sands sé 2,4 km. Að lokum vísa þeir til þess að nú sé silungsveiði í net frá jörðinni bönnuð í lóninu fram til 10. ágúst. Áður en bannið kom til hafi verið veitt í júní og júlí meðan helst hafi verið veiðivon á því svæði. Sé þetta bann því skerðing á hlunnindum þeirra og þurfi að taka tillit til þess í mati.

8.3. Tungusel og Syðra-Lón

Eigendur Grímúlfsár eystri lýsa því í bréfi, dags. 20. nóvember 2007, að áin hafi ekki verið metin í gildandi arðskrá vatnasvæðis Hafralónsár frá árinu 1975. Segja þeir að þar hafi fyrst verið veitt árið 1973 og hafi veiði þar verið allnokkur allt fram til ársins 1990. Á tímabilinu 1978 til 1990 hafi þeir gert samning við leigutaka Hafralónsár og haft allnokkrar tekjur af. Engar veiðiskýrslur séu þó til vegna veiðanna en þar hafi verið veitt á tvær stangir.

Þá segja þeir að síðan Veiðifélag Hafralónsár hafi verið formlega stofnað árið 1991 hafi Grímúlfsá eystri verið friðuð. Um margra ára skeið hafi verið fylgst með laxagöngum í ána en göngutíminn sé frá 20. júlí, líkt og á efsta svæði Hafralónsár. Hafi mikill lax sést í ánni og í bestu árum svo mikill að líklega væri óskynsamlegt að veiða ekki úr ánni.

Loks segja veiðiréttareigendur Grímúlfsár eystri að áin sé gríðarlega mikilvæg fyrir seiðaframleiðslu og skili góðu framlagi í veiðina upp að ármótum. Samkvæmt búsvæðamati frá árinu 2005 sé áin með 17,1% framleiðslueininga vatnasvæðis Hafralónsár en efsti hluti hennar, um 1 km kafli og kvíslarnar, hafi ekki verið rannsakaður.

9. Skipting arðs

9.1. Almenn

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.“

Samkvæmt 11. gr. samþykktu fyrir Veiðifélag Hafralónsár nr. 1061/2007, frá 1. nóvember 2007, skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Þá segir í 3. gr. samþykktanna að Kverká skuli hafa sérstaka arðskrá.

Í gildandi arðskrá Hafralónsár frá 1975 er arði skipt milli jarða og miðað við 1.000 einingar í heild. Í þessu mati er hins vegar notaður sá háttur að miða við 10.000 einingar. Hér að neðan kemur niðurstaða matsnefndar um það hvernig einingum er skipt milli einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og reglugerð nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu.

9.2. Aðstaða til netaveiði

Engin hefð er fyrir laxveiði í net í Hafralónsá og er því ekki úthlutað einingum vegna þess þáttar. Einhver silungsveiði í net var áður stunduð í ánni, einkum í neðri hluta hennar, en nú eru þar allar netaveiðar bannaðar.

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 61/2006 er bannað á tímabilinu 1. apríl til 1. október ár hvert að leggja net eða hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns, sem fiskur gengur í, en 2.000 metra ef vatnsmagnið er meira en 25 m³/s.

Matsnefnd lítur til þess að réttur til netaveiði er jafngildur rétti til stangveiða. Þær jarðir sem lagt hafa af rétt til netaveiði til hagsbóta fyrir heildina eiga að fá þann skaða bættan með úthlutun í arðskrá. Við mat á fjölda eininga sem koma fyrir aðstöðu til netaveiði verður ekki litið fram hjá því að verðmæti netafisks er minna en verðmæti fisks sem veiddur er á stöng.

Af gögnum er ljóst að veiðibann í sjó og bann við netaveiði í neðsta hluta árinna hefur skert hagsmuni veiðiréttareigenda jarðanna Syðri-Brekkna og Gunnarsstaða. Þeir hagsmunir verða ekki bættir nema með sérstakri úthlutun eininga í arðskrá.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið úthlutar matsnefnd 80 einingum sérstaklega á hvora þessara jarða.

9.3. Aðstaða til stangveiði

Mat á þessum þætti er byggt á skilagrein frá Veiðimálastofnun um skiptingu veiði eftir einstökum veiðistöðum í Hafralónsá og Kverká og skiptingu á jarðir vegna áruna 1996 til 2007, að báðum árum meðtöldum. Ekki er gerður greinarmunur á hvort fiskum er sleppt eða þeim landað. Færst hefur í vöxt að sleppa veiddum laxi í Hafralónsá eins og mörgum öðrum ám. Skýrsluhald um laxveiði í Hafralónsá hefur á því 12 ára tímabili sem mat þetta miðast við verið mjög traust. Á því tímabili voru skráðir 3.582 laxar í ánni. Þar af voru skráðir 3.572 laxar eftir merktum og númeruðum veiðistöðum.

Bleikjuveiði er nokkur í Hafralónsá og er mesta veiðin skráð á neðri hluta árinna. Samkvæmt skýrslu Veiðimálastofnunar er gert ráð fyrir að nýting bleikjuveiði og skráning hafi farið batnandi á síðari árum. Skráðar voru á viðmiðunarárunum 754 bleikjur á þekktu veiðistaði og var það 96,16% af veiddum bleikjum. Urriðaveiði er jafnan lítil í Hafralónsá og að mestu bundin við neðstu svæðin. Skráðir voru 217 urriðar á veiðistaði og voru það allir veiddir urriðar á þessu tímabili. Afli sem ekki hefur verið skráður eftir veiðistöðum er ekki talinn með og hefur því ekkert vægi til arðs. Gildir þetta jafnt um lax og silung. Hver jörð nýtur þeirrar veiði sem skráð er fyrir landi hennar.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 4.710 einingum milli veiðiréttareigenda eftir hlutdeild þeirra í laxveiði.

Þá er niðurstaða matsnefndar að hæfilegt sé að skipta 120 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í bleikjuveiði og 50 einingum í samræmi við hlutdeild þeirra í urriðaveiði.

9.4. Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns.

Rík hefur fyrir því í eldri matsgerðum að meta vægi bakka mishátt með tilliti til vatnsmagns. Að baki því liggur sú hugsun að úthlutun eininga fyrir landlengd sé endurgjald fyrir það vatnasvæði, sem markar lífsrými lax og silungs. Hefur mikið vatnsmagn á neðri hluta vatnasvæðis óhjákvæmilega mikið gildi að þessu leyti, jafnframt því sem gildi lækja og efstu draga veiðiár er að sama skapi almennt lítið í þessu tilliti og stundum ekkert. Matsnefnd telur eðlilegt að leggja sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Við mat þetta er lítið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við eldri matsgerðir.

Meðal þeirra gagna er matsmenn fengu í hendur við vinnu sína er skrá um landlengd jarða við Hafralónsá og þverár hennar, sem unnin var sérstaklega fyrir mat þetta hjá Búgarði, ráðgjafabjónustu á Norðausturlandi, af Guðmundi H. Gunnarssyni í

nóvember 2007. Mælingin var unnin þannig að mæld var miðlína aðalfarvegs á leiðréttum loftmyndum. Reyndist lengd árinna vera 27.837 m en samkvæmt mælingunni frá 1975 var hún 27.880 m. Niðurstöður seinni mælingarinnar reyndust nokkuð frábrugðnar niðurstöðum mælingarinnar frá 1975 hvað varðar bakkalengd einstakra jarða. Eina athugasemdin, sem fram hefur komið varðandi þessa nýju mælingu, er frá eigendum Syðri-Brekkna, en þeir telja að eldri mælingin sé réttari. Matsmenn fallast ekki á þetta og benda á að samþykkt hafi verið á fundi í veiðifélaginu að hin nýja mæling á Hafralónsá yrði gerð. Með nýrri tækni og fullkomnari mæliaðferðum eigi að fást réttari mæliniðurstöður. Þá má í þessu sambandi benda á að ósasvæði taka oft breytingum og því geti verið munur á mælingu frá einum tíma til annars.

Matsmenn benda á að við Hallgilsstaðahólma hafi einungis verið mæld miðlína meginár, þó að áin renni þar víða í kvíslum og myndi hólma. Heildarvatnsmagn árinna er ekki meira á þessu svæði en þar sem áin rennur í einum farvegi. Því telja matsmenn ekki rök til að úthluta aukaeiningum þó að hægt sé að benda á að bakkalengd sé meiri en áður nefndar mælingar gefa til kynna. Mælingin er því lögð óbreytt til grundvallar í matinu.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.900 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd Hafralónsár. Samkvæmt fyrirnefndum viðmiðum er niðurstaða matsnefndar sú að bakkar Hafralónsár frá óslínu að ármótum Tungár fái vægið 1,0. Bakkar frá Tungá að Grímúlfsá vestri fái vægið 0,85. Bakkar frá Grímúlfsá vestri að Grímúlfsá eystri fái vægið 0,70. Þar fyrir ofan fái bakkar Hafralónsár vægið 0,55. Sérstökum einingum verður úthlutað vegna bakkalengdar þveránna og vægi þeirra ákvarðað lægra. Verður um það fjallað í 10. kafla um þverár Hafralónsár.

9.5. Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra, en jafnan hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að meta gildi þessara skilyrða við arðskrárgerð. Sérfræðilegt mat búsvæða er ætlað til að bæta úr þessum erfiðleikum.

Við mat þessa þáttar leggja matsmenn til grundvallar búsvæðamat Veiðimálastofnunar fyrir Hafralónsá: Mat á búsvæðum laxaseiða, vexti þeirra og þéttleika í Hafralónsá 2005. Mat þetta er dagsett í nóvember 2005 og merkt VMST-R/0517. Við gerð búsvæðamatsins er ánni skipt niður í einsleit svæði með tilliti til uppeldis- og hrygningarskilyrða. Margfeldi botngilda og kornastærðar botns er síðan lagt saman fyrir hvert svæði og fæst þá framleiðslugildi. Framleiðslueiningar hvers svæðis eru fengnar með því að margfalda framleiðslugildi með flatarmáli búsvæðisins. Samkvæmt því teljast 20.378,7 framleiðslueiningar í Hafralónsá.

Ekki liggur fyrir skrá um skiptingu framleiðslueininga á hverja jörð, en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum skipta matsmenn þessum framleiðslueiningum á jarðir. Í búsvæðamati kemur fram að lónið niður við ós er 3,6 km að lengd. Heildarflatarmál lónsins er 908.570 m² en heildarflatarmál Hafralónsár er 766.540 m². Heildarflatarmál lónsins er því meira en árinna. Þar gætir sjávarfalla og er stærð þess því breytileg. Í búsvæðamatinu segir að þessar ástæður sem hér hafa verið raktar réttlæti að halda búsvæðamati á þessu svæði sér við útreikninga. Matsmenn ákveða að láta þær 4.021 framleiðslueiningu, sem í búsvæðamatinu voru reiknaðar á lónið, vera með sama vægi

og búsvæðamat annars staðar í ánni. Á sama hátt er vægi búsvæða í matinu haft það sama neðst og efst í ánni og búsvæðum í þveránum er gefið sama vægi, sbr. niðurstöður í 10. kafla.

Niðurstaða matsmanna er að hæfilegt sé að skipta 1.200 einingum milli veiðiréttareigenda að Hafralónsá og sjávarlóninu, með tilliti til búsvæðamatsins.

10. Aðrir þættir

10.1. Þverár

Eins og áður hefur komið fram eru margar þverár á vatnasvæði Hafralónsár, sem hafa veruleg áhrif á lífríkið og vatnsmagn árinna. Þessar ár eru Tungá, Grímúlfsá vestri, Grímúlfsá eystri og Hávarðsdalsá. Fyrir liggur búsvæðamat fyrir allar þessar ár. Matsmenn telja eðlilegt að búsvæði í þessum þverám fái sama vægi og búsvæði í aðalánni og lóninu. Þannig koma 333 einingar til þessara þveráa út af búsvæðamatinu. Þær einingar koma til viðbótar við þær 1.200 einingar, sem áður hefur verið úthlutað vegna búsvæðamatsins, þannig að í heild er úthlutað 1.533 einingum út á búsvæðamat vatnasvæðisins.

Landlengd þveránna er tekin eins og hún liggur fyrir samkvæmt mælingum Guðmundar H. Gunnarssonar. Ákveðið var að gefa landlengd í Tungá og Grímúlfsá vestri vægið 0,15 miðað við aðalána. Grímúlfsá eystri fær einnig vægið 0,15, en eftir eftir að áin kvíslast lækkar vægi mældrar lengdar í 0,02. Hávarðsdalsá fær vægið 0,10. Samkvæmt því koma 333 einingar til úthlutunar á þessar þverár vegna landlengdar.

10.2. Veiðibann

Samkvæmt bréfi landeigenda Grímúlfsár eystri hefur ekki verið leyft að veiða í ánni frá árinu 1991 að ákvörðun veiðifélagsins. Við mat á þessum þætti er horft til þess hvað veiðst hefur á undanförunum árum í Hafralónsá ofan við ármót Grímúlfsár eystri. Jafnframt er til þess litið að fiskur gengur í ána auk þess sem aðgengi að henni hefur verið bætt.

Matsnefnd ákveður að 194 einingar komi til eigenda árinna vegna banns þessa.

10.3. Sleppitjarnir

Engar sleppitjarnir eru við ána og á þessi þáttur því ekki við í mati þessu.

10.4. Laxastigar og/eða fiskivegir

Engin slík mannvirki eru á vatnasvæðinu og á þessi þáttur því ekki við í mati þessu.

10.5. Framkvæmdir á vegum veiðifélags

Í matsgerð þessari hefur verið vikið að vegaframkvæmdum með ánni, en þær eru einar sér ekki taldar hafa áhrif á skiptingu arðs.

11. Kverká

11.1. Bakkalengd, veiði og búsvæði

Þeir þættir sem matsnefnd leggur til grundvallar mati sínu á Kverká eru mæling á bakka árinna frá 2007, veiðitölur frá og með árinu 1996 til og með ársins 2007 og Búsvæðamat VMST-R/0517 frá nóvember 2005. Allra þessara gagna er getið hér að

framan. Einnig hefur verið lýst vettvangsgöngu, matsfundi og beiðni um gögn varðandi matið og á það við um mat á Kverká á sama hátt og um mat á Hafralónsá. Aðrir þættir koma ekki til álita varðandi mat á Kverká.

Í Kverká er eingöngu metið svæðið frá ármótum við Hafralónsá að Kverkárfossi í Kverkárgljúfri, sem er ólaxgengur. Vatnsmagn er svipað í ánni frá fossinum að Hafralónsá og því ekki ástæða til að hafa vægi misjafnt á bakkalengd. Fyrir liggur mat á búsvæðum ofan við fossinn en þar sem eingöngu er beðið um mat að Kverkárfossi kemur það búsvæðamat ekki hér til álita. Alls hafa verið skráðir 188 laxar og 218 bleikjur í Kverká eftir merktum og númeruðum veiðistöðum á viðmiðunarárunum. Urriðaveiði er jafnan lítil og ekki skráðir nema 12 urriðar á sama tímabili.

Jarðir sem land eiga að Kverká eru Hallgilsstaðir og Tungusel og varðar mat þetta því einungis arðskipti milli þeirra.

11.2. Niðurstaða

Í mati á Kverká er á sama hátt og gert er í Hafralónsá miðað við 10.000 einingar. Hér að neðan kemur niðurstaða matsnefndar um það hvernig einingum er skipt milli einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði og reglugerð nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu.

Niðurstaða matsnefndar er að úthluta 3.350 einingum í samræmi við landlengd, 4.900 einingum miðað við hlutdeild í laxveiði, 180 einingum vegna bleikjuveiði, 20 einingum vegna urriðaveiði og 1.550 einingum með tilliti til búsvæðamats.

12. Aðrar kröfur

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá þessari, fyrir Hafralónsá og Kverká, umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum og niðurstöðum er hafnað.

13. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af mati þessu, 3.602.209 krónur, án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Hafralónsár og rennur hann í ríkissjóð.

Samkvæmt samkomulagi milli Veiðifélags Hafralónsár og veiðideildar Kverkár ber Hafralónsá 95% þessa kostnaðar og veiðideild Kverkár 5%.

Um gildistöku þessarar matsgerðar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Arðskrá

fyrir Veiðifélag Hafralónsár

Hafralónsá

Niðurstaða matsmanna er að arðskrá fyrir Hafralónsá í Þistilfirði skuli vera sem hér greinir:

	Einingar
Syðri-Brekkur.....	359
Hallgilsstaðir.....	950
Tungusel.....	963
Þorsteinsstaðir.....	2.410
Syðra-Lón.....	887
Hvammur.....	3.911
Gunnarsstaðir.....	<u>520</u>
Samtals	<u>10.000</u>

Kverká

Niðurstaða matsmanna er að arðskrá fyrir Kverkárdeild skuli vera sem hér greinir:

	Einingar
Hallgilsstaðir.....	7.373
Tungusel.....	<u>2.627</u>
Samtals	<u>10.000</u>

Blönduósi 21. febrúar 2009

Örlygur Hnefill Jónsson
Formaður

Ásgeir Magnússon

Magnús Ólafsson

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um veiði

1. Skilagrein, skipting veiði í Hafralónsá og Kverká eftir veiðistöðum 1996-2006, VMST-G/07009.
2. Skilagrein, skipting veiði í Hafralónsá og Kverká eftir veiðistöðum 1996-2007, VMST-G/07009.

B. Gögn um land og búsvæði

1. Mat á búsvæðum laxaseiða, vexti þeirra og þéttleika í Hafralónsá VMST-R/0517.
2. Mæling á bakkalengd Hafralónsár og þverám hennar, unnið af Guðmundi H. Guðmundssyni, hjá Búgarði, ráðgjafabjónustu á Norðausturlandi, í nóvember 2007.
3. Skrá um jarðir og eigendur að veiðisvæði Hafralónsár.
4. Loftmyndir af Hafralónsá þar sem sýnd eru landamerki milli jarða við ána.
5. Mæling á bakkalengd Hafralónsár frá 1975.

C. Arðskrár

1. Arðskrá Hafralónsár frá 1975.

D. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf frá eigendum Grímúlfssár eystri, dags. 20. nóvember 2007.
2. Bréf frá eigendum Gunnarsstaða, dags. 13. desember 2007.
3. Bréf frá eigendum Syðri-Brekka, dags. 5. maí 2008.

E. Bréf, fundargerðir, samþykktir, leigusamningar og fleira

1. Bréf formanns félagsins, Marinós Jónssonar, dags. 11. mars 2007, beiðni um mat Hafralónsár.
2. Bréf formanns félagsins, Marinós Jónssonar, dags. 29. október 2007, beiðni um mat Kverkár.
3. Bréf formanns félagsins, Marinós Jónssonar, dags. 29. október 2007, skipting matskostnaðar.
4. Bréf matsmanna til stjórnar Veiðifélags Hafralónsár, dags. 10. maí 2007, beiðni um gögn.
5. Bréf formanns félagsins, Marinós Jónssonar, ódags., fylgibréf með gögnum.
6. Fundarboð stjórnar Veiðifélags Hafralónsár.
6. Fundargerð Veiðifélags Hafralónsár, dags. 28. sept. 2007, með matsmönnum.
7. Bréf matsmanna til félagsmanna, dags. 20. október 2007, beiðni um gögn.
8. Samþykkt fyrir Veiðifélag Hafralónsár nr. 1061/2007.
9. Leigusamningur fyrir Hafralónsá, dags. 12. desember 2006.
10. Leigusamningur fyrir Kverká, dags. 12. desember 2006.
11. Afrit af bréfi Orkustofnunar, dags. 30. júní 2004.
12. Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 3. mars 2008 um veiðar í sjó fyrir landi Gunnarsstaða.
13. Leigusamningur við Stapa veiðifélag ehf. frá 2003.
14. Leigusamningur frá 1994 og viðaukar við þann samning frá 1996 og 2000.
15. Ársreikningar Veiðifélags Hafralónsár fyrir árin 2006 til 2008.